

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 7. júní 2023
UST202305-243/B.S.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi -Efnislosunarsvæði - Njarðvíkurheiði. Umsögn

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar dags. 19. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Í greinargerðinni kemur fram að efnislosunarsvæðið verði á skilgreindu námusvæði. Ekki er ljóst hvort þarna verði tekið efni sem í raun væri æskilegt þar sem landhæð mundi lækka og sjónræn áhrif minni eða þá að unnt væri að koma fyrir meira efni.

Að álitum Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að skapa aðstöðu til að geyma steinefni tímabundið sem vinna má og nýta síðar auk óvirks úrgangs sem ætlunin er að haugsetja. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur